

**Nd.**

**574. Breytingartillögur**

[168. mál]

við frv. til l. um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 2. gr. Greinin verði svohljóðandi:

Þeir einir eru taldir dýralæknar í lögum þessum, sem lokið hafa prófi við dýralæknaháskóla, sem viðurkenndur er af íslenskum stjórnvöldum (landbúnaðarráðuneyti) og hlotið hafa dýralækningaleyfi hjá landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn yfirdýralæknis, með þeim skilyrðum og skuldbindingum, sem landbúnaðarráðherra setur á hverjum tíma.

2. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:

Til að öðlast leyfi til dýralækninga hér á landi skal umsækjandi hafa starfað við dýralækningar hérlendis í tvo mánuði hið skemmsta að loknu kandidatsprófi undir handleiðslu héraðsdýralæknis, sem hefur að minnsta kosti fimm ára starf í héraði að baki. Hann skal hafa kynnt sér rækilega þau lög og reglur, sem lúta að störfum dýralækna og lyfjamálum hér á landi. Skal yfirdýralæknir eða aðrir, sem hann kveður til,

sannprófa þekkingu umsækjanda á þessum sviðum samkvæmt nánari reglum, sem landbúnaðarráðuneytið setur. Þeir einir geta hlotið leyfi til að stunda dýralækningar sjálfstætt, sem eru íslenskir ríkisborgarar og lögráða.

3. Við 4. gr.
  - a. 10. liður hljóði svo:  
Strandaumdæmi: Strandasýsla. Íbúar Bæjarhrepps geta þó vitjað héraðsdýralæknis í Vestur-Húnaþingsumdæmi, ef þeir óska þess.
  - b. 13. liður. Við upptalningu hreppa bætist: Akrahreppur.
  - c. 14. liður. Úr upptalningu hreppa falli niður Akrahreppur.
  - d. 17. liður. Í upptalningu hreppa bætist við: Hálshreppur.
  - e. 18. liður. Úr upptalningu fellur niður Hálshreppur.
  - f. Síðasta málsgr. orðist svo:  
Skipting héraðsdýralæknisumdæma skv. þessari grein kemur til framkvæmda á næstu fimm árum eftir því sem landbúnaðarráðherra ákvarðar og fjárveiting segir til um. Fram að þeim tíma gildir skipting í umdæmi eins og lög um dýralækna nr. 77/1981 gera ráð fyrir.
4. Við 5. gr.
  - a. 1. mgr. orðist svo:  
Landbúnaðarráðherra ákveður hvar héraðsdýralækna skuli hafa aðsetur og starfsaðstöðu, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda.
  - b. 3. mgr. orðist svo:  
Heimilt er ráðherra að ákveða, að tveir eða fleiri héraðsdýralækna hafi aðsetur á sama stað, ef það er hentugra að dómi yfirdýralæknis, stjórnar Dýralæknafélags Íslands og viðkomandi búnaðarsambanda.
  - e. 6. mgr. orðist svo:  
Við Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum skulu starfa þrjár sérmenntaðir dýralækna, sem hafa aflað sér ýtarlegrar sérþekkingar með framhaldsnámi og störfum.
5. Við 6. gr.
  - a. Við 1. málsgr. bætist:  
Um mál, sem gætu varðað heilsufar neytenda, skal hann hafa samráð við landlækni.
  - b. 3. mgr. orðist svo:  
Yfirdýralæknir skal hafa með höndum stjórn og eftirlit með starfsemi héraðsdýralækna og þeirra dýralækna annarra, sem dýralæknisstörfum sinna, svo og þeim sem starfa við hjúkrun dýra.
6. Við 7. gr.
  - a. 2. mgr. orðist svo:  
Dýralækna skulu vera á verði gegn því, að einstaklingar eða þjóðin í heild bíði tjón af völdum búfjárjúkdóma. Þeir skulu leitast við að fræða dýraeigendur um þau ráð, sem tiltæk eru til varnar gegn sjúkdómum, og beita þekkingu sinni og reynslu til þess að lækna sjúk dýr, þegar þeir eru til kvaddir.
  - b. 9. mgr. hljóði svo:  
Landbúnaðarráðherra setur dýralæknum erindisbréf, samkvæmt tillögum yfirdýralæknis. Þar skal kveðið á um embættisfærslu og skyldur héraðsdýralækna.
7. Við 8. gr.
  - a. Síðari málsliður 2. mgr. hljóði svo:  
Yfirdýralæknir getur einnig kvatt þá, sem starfa við dýralækningar, á þennan hátt til þess að taka þátt í vörnum gegn smitsjúkdómum, og honum er einnig heimilt að fela þeim vaktþjónustu í umdæminu, ef héraðsdýralæknir óskar þess.

- b. 3. mgr. hljóði svo:  
Nú óska einstaklingar eða félög að koma á fót rannsóknaraðstöðu eða sjúkra-  
skýli (spítala) fyrir sjúk dýr, og skal þá senda um það umsókn til landbúnaðarráðu-  
neytisins. Ráðuneytinu er rétt, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og stjórnar Dýra-  
læknafélags Íslands, að setja sérstakar reglur um slíka starfsemi að því er varðar  
ábyrgð dýralæknis, útbúnað, húsnæði o. s. frv.
8. Við 9. gr.  
a. 3. mgr. orðist svo:  
Þegar nauðsyn krefur er héraðsdýralækni skylt, eftir ákvörðun ráðherra, að  
gegna dýralæknisstörfum í nágrennaumdæmi gegn hálfum byrjunarlaunum þessa  
umdæmis.  
b. 4. mgr. orðist svo:  
Héraðsdýralæknar skulu skipuleggja orlofstöku í samráði við yfirdýralækni.  
Landbúnaðarráðuneytið útvegar staðgengil í samráði við yfirdýralækni og hér-  
aðsdýralækni.  
e. 5. mgr. orðist svo:  
Staðgengill héraðsdýralæknis skal hafa starfsaðstöðu í húsnæði embættisins, ef  
hann óskar þess, þar með talin afnot af síma. Um dvalarkostnað staðgengils og  
verkefnaskiptingu (eftirlitsstörf, lyfjasölu o. þ. h.) fer samkvæmt samkomulagi  
dýralæknanna hverju sinni.
9. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:  
Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum selur og framleiðir undir stjórn  
sérmenntaðs dýralæknis ónæmislyf handa húsdýrum. Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit  
með þessari starfsemi. Óheimilt er að flytja inn ónæmisefni hvers konar handa húsdýr-  
um nema að fenginni skriflegri heimild yfirdýralæknis.
10. Við 11. gr. 1. mgr. hljóði svo:  
Verði dýralæknir var við alvarlegan smitsjúkdóm í húsdýrum eða villtum dýrum  
eða hefur grun um slíkt, skal hann þegar í stað gera nauðsynlegar bráðabirgðaráðstaf-  
anir til þess að stöðva útbreiðslu sjúkdómsins og koma í veg fyrir tjón, sem af honum  
gæti leitt. Hann skal án tafar tilkynna yfirdýralækni um sjúkdóminn, ef um hér-  
aðsdýralækni er að ræða, en héraðsdýralækni, ef um almennar dýralækningar er að  
ræða. Gera þeir í samráði þær ráðstafanir, sem þurfa þykir. Komi upp smitsjúkdómur í  
dýrum, sem mönnum gæti stafað hættu af, skulu höfð samráð við landlækni um nauð-  
synlegar aðgerðir.
11. Við 12. gr.  
a. 2. mgr. orðist svo:  
Þegar héraðsdýralæknar geta ekki sjálfir annað eftirliti þessu er þeim heimilt að  
ráða aðra dýralækna við þetta heilbrigðiseftirlit að fengnu samþykki yfirdýralæknis.  
Ef ekki er völ á dýralækni eða dýralæknisefni til starfsins, skulu læknisefni eða aðrir,  
sem lokið hafa sérstöku námskeiði í heilbrigðisskoðun sláturafurða, annast eftirlit  
undir stjórn og leiðbeiningum viðkomandi héraðsdýralæknis.  
b. 3. mgr. orðist svo:  
Landbúnaðarráðherra setur reglur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og um-  
sögn Hollustuverndar ríkisins, um framkvæmd heilbrigðiseftirlits með sláturdýrum  
og afurðum þeirra, meðferð afurða, flutning og geymslu, útbúnað, vinnutilhögun og  
þrifnað í sláturhúsum, kjötfrystihúsum og kjötvinnslustöðvum.
12. Við 13. gr.  
a. Í stað „Mjólkurbú“ í 3. mgr. komi: Mjólkurstöðvar.  
b. Aftan við 5. mgr. bætist: að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

13. Við 15. gr. Aftan við 3. mgr. bætist:

Kærður dýralæknir getur skotið málið sínu til dýralæknaráðs. Dýralæknaráð skal skipað yfirdýralækni og stjórn Dýralæknafélags Íslands á hverjum tíma. Leyfissviptingu má fresta þar til umsögn ráðsins liggur fyrir, en hún skal lögð fram innan þriggja mánaða.

14. Við 16. gr. Greinin orðist svo:

Dýralækni eru óheimilar hvers konar auglýsingar eða áróður um starf sitt sem dýralæknis. Þó er honum heimilt að auglýsa í blöðum viðtalstíma, læknavakt, orlof o. s. frv. sem og birta nafn dýralæknis á lyfseðlum og dyraspjöldum. Um hvers konar auglýsingar á lyfjum og læknisáhöldum til dýralækninga fer samkvæmt lögum nr. 49/1978.

Á sama hátt eru bannaðar gyllandi umsagnir um sjúkrahús, sjúkraskýli og sjúkra- stofur ætlaðar dýrum og sérstakan lækningamátt tiltekinna tegunda dýrafóðurs eða fódurblandna.

15. Við 19. gr. 2. mgr. orðist svo:

Nú er héraðsdýralæknir kvaddur í mjög brýnni nauðsyn til staðar, sem er yfir 40 km frá heimili hans, og greiðir þá sá, sem vitjunar beiðist, ferðakostnað fyrir 80 km akstur, en það, sem umfram er, greiðist af opinberu fé. Landbúnaðarráðherra setur reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar.